Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 26

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóð látin undir götu 31 × 3 □ al = 93 □ al

# Vottorð

Eptir bókum fátækrasjóðs Reykjavíkur skuldaði bú Jóns sál. Jónssonar á Hellulandi (Hóll) í árslok 1872 fátækrasjóði 21 Rdl. 9 β, fyrir peninga sveitarstyrk, sem á að borgast nú af eptirlátnum eigum Rósannu Jónsdóttur sál. ekkju hans þ. e. af bæjarverðinu er stendur inni hjá kaupmanni Geir Zoëga og hefir honum á sínum tíma af bæjarfógeta verið tilkynnt að þetta ætti að borgast af bæjarverðinu.

Reykjavík hinn 31/10 1888

E. Th. Jónassen

42 krón. 18 a.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Jónsson
í Hóll

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafur Ólafsson

Skrifstofu Skaptafellssýslu,
Kirkjubæ, 26. októbermán. 1887.

Með brjefi 30. ágústm. þ. á. hafið þjer, herra bæjarfógeti, mælst til, að jeg annist um, að fátækrasjóði Reykjavíkur verði sem fyrst endurgoldnar 8 kr. 96 au., er þjer teljið eptir standa ógoldnar af láni, að upphæð kr. 53,85, er veitt hafi verið úr nefndum sjóði Ólafi Ólafssyni frá Hvammi í Dyrhólahreppi.

Umræddur Ólafur Ólafsson, sem andaðist í Reykjavík sumarið 1882, hefur mjer vitanlega eigi þegið neitt lán úr fátækrasjóðnum þar. Aptur á móti var útfararkostnaður hans ásamt legkaupi og líksöngseyri eptir hann greitt úr téðum sjóði, að svo miklu leyti sem andvirði lausafjármuna, er seldir voru eptir hann, eigi hrökk til þess. Samkvæmt reikningum og öðrum skilríkjum, er jeg meðtók frá bæjarfógetanum í Reykjavík með brjefi, dags. 31. júlím.;

Bpsf. No. 640/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1883 var

útfararkostnaður Ólafs sál. að upphæð kr. 53.00 og
legkaup og líksöngseyri . . . „ 6.96

Samtals kr. 59.96

Andvirði seldra lausafjármuna eptir
hann var að frádregnum kostnaði . . „ 8.11

Stóða þá eptir — kr. 51.85,

og var framfærsluhreppi hins látna, Dyrhólahrepp-ur, krafinn endurgjalds á þessari upphæð. Uppí þetta hefur hreppsnefndin í Dyrhólahreppi, ~~[illegible]~~ goldið 44 kr. 89 au., einsog þjer hafið beðið fram, en þær 6 kr. 96 au., sem eptir standa og sem er endurgjald fyrir legkaup og líksöngseyri, er greitt var eptir Ólaf sál., neitar nefndin að borga, þareð hún þykist eigi skyldug til þess einsog hjer stóð á, því að jafnvel þó að Ólafur sál. væri eigi sveitarómagi, ljet hann þó eigi eptir sig svo miklar eigur, að þær hrykki fyrir útfararkostnaði hans.

Sigurður Ólafsson

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

úr

ávísunarbók Reykjavíkur 1886.

Jón Jónsson á Steinstöðum

(sveitlægur í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1886, | 23. janúar | ávísað | hjá Johannesen — — | Kr. | 8,00 |
| | s. d | — " — | — " — Jóni Ó. V. Jónssyni ½ skd. | " | 2,00 |
| | 25. febrúar | — " — | " Johannesen — — | " | 8,00 |
| | | | Samtals | Kr. | 18,00 |

Réttan útdrátt staðfestir

Bæjarfógetinn í Reykjavík 26. ágúst 1887. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

úr ávísunarbók Reykjavíkur
Jóhann Jónsson Barði.
(sveitlægur í Kjósarhrepp). –

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1885, 26. janúar | ávísað hjá | Bryde | Kr. | 8,00 |
| 26. marz | – – | G. Zoëga | – | 8,00 |
| 1886, 26. febrúar | – – | Johannesen | – | 10.00 |
| | | Skuld alls | Kr | 26.00 |

Þetta útskript staðfestir. –

Bæjarfógetinn í Reykjavík 25. ágúst 1887. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Sigríður Pálsdóttir, er var til lækninga á sjúkrahúsi Reykjavíkur 1885? úr Skagafjarðarsýslu, hafi með samþykki mínu sem þáverandi bæjarfógeta hér eptir að hún kom út af sjúkrahúsinu og unz hún gat flutzt norður dvalið hjá snikkaranum Þorkeli Gíslasyni, en eins og bréf frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu, er mun finnast við skjöl bæjarfógetaembættisins, vottar, þá hafði nefndur sýslumaður beiðst þess af bæjarfógeta hér að hann skyldi útvega nefndri stúlku samastað og annað, er hún þyrfti með, uppá endurgjald að norðan.

Reykjavík 26. sept. 1887.

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Guðmundar Magnússon

Hjermeð eruð þjer hr. Bæjarfógeti, beðnir að hlutast til um, að hiski það sem nú er á Sellandi í Reykjavík×, og tilheyrir hinum forna Akraneshreppi; sje heldur flutt hingað en það skuldi hjá bæjarsjóði Reykjavíkur uppá endurgjald frá þessum hreppi.

Þess skal getið að vjer lofum að skaffa hiski þessu til framfærslu í Rvk. alt að 100 krónu virði í ýmsum matvælum, þetta yfirstandandi ár, ef það treistist að komast af með þá upphæð án frekari hjálpar frá hreppnum.

Í umboði hreppsnefndarinnar í Ytri Akraneshrepp þann 17 Júlí 1887

Sveinn Guðmundsson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur